



### **Forspil**

Góða ferð

Jose Feliciano / Jónas Friðrik

### **Bæn**

### **Einsöngur**

Sprettur

Sveinbjörn Sveinbjörnsson / Hannes Hafstein

### **Ritningarlestur**

Er völlum grær og vetur flýr  
og vermir sólin grund,  
kem ég heim og hitti þig  
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit  
sem blasir móti sól.  
Þá ungur lífi landið mitt  
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga  
sjáðu jökulinn loga.  
Allt er bjart fyrir okkur tveim  
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig  
sem mér fagnar höndum tveim.  
Ég er kominn heim,  
já, ég er kominn heim.

Emmerich Kálmán  
Jón Sigurðsson



### **Ritningarlestur**

Undir háu hamrabelti  
höfði drúpir lítil rós,  
þráir lífsins vængjavíddir,  
vorsins yl og sólarljós.  
Ég held ég skynji hug þinn allan,  
hjartasláttinn rósin mín.  
Er kristalstærir daggardropar  
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu  
lengi vel um þennan stað.  
Krjúpa niður kyssa blómið  
hversu dýrlegt fannst mér það.  
Finna hjá þér ást og unað  
yndislega rósin mín.  
Eitt er það sem aldrei gleymist,  
aldrei, það er minning þín.

Friðrik Jónsson  
Guðmundur Halldórsson



### **Guðspjall**

Ég leit eina lilju í holti.  
Hún lifði hjá steinum á mel.  
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.  
En blettinn sinn prýddi hún vel.  
Ég veit það er úti um engin  
mörg önnur sem glitrar og skín.  
Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann.  
En liljan í holtinu er mín.  
„Þessi lilja' er mín lifandi trú  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi  
þessi lilja' er mín lifandi trú;”

Og þó að í vindunum visni  
á völlum og engjum hvert blóm,  
og haustvindar blási um heiðar  
með hörðum og deyðandi róm,  
og veturinn komi með kulda  
og klaka og hríðar og snjó,  
hún lifir í hug mér sú lilja  
og líf hennar veitir mér fró.

Norskt lag / Þorsteinn Gíslason

### **Minningarorð**

### **Einsöngur**

Heyr mína bæn

Nicola Salerno / Ólafur Gaukur

### **Bæn - Faðir vor**

Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.  
Engið, fjöllin, áin þín,  
yndislega sveitin mín,  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína.

Þjarni Þorsteinsson  
Sigurður Jónsson  
frá Arnarvatni



### *Moldun*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjónvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

### *Blessun*

### *Eftirspil*

*Sail along, silvery moon*  
*Harry Tobias / Percy Wenrich*

Séra Ólöf Margrét Snorradóttir jarðsyngur  
Organisti: Viðar Guðmundsson  
Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir  
og Höskuldur Kolbeinsson  
Kór: Karlakórinn Söngbræður  
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Aðstandendur þakka samúð og hlýhug  
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar  
í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*

*Jarðsett verður í Akraneskirkjugarði*



## Ragnheiður Lilja Þorsteinsdóttir

Fædd 12. mars 1938

Dáin 8. febrúar 2026



Útför frá Akraneskirkju  
fimmtudaginn 26. febrúar 2026